



## Hreinn Halldórsson heiðraður

A fundi í stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar þann 18. nóvember var ákveðið að heiðra einn félagsmann-

inn, Hrein Halldórsson, Evrópumeistara í kúlvörpi með peningagjöf að upphæð krónur 250.000.

Stjórn félagsins vildi með þessu

veita Hreini viðurkenningu fyrir einstakt afrek og frábæra þrautseigju.

A árhátíð Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar þann 18. nóvember var Hreini Halldórsson sýni svo veitt þessi viðurkenning.

A myndinni sézt, er Þórkellur Halldórsson, formaður Starfsmannafélagsins óskar Hreini til hamingju.

## Flóamarkaður í Galleri Sólun Islandus

Næstkomandi fimmtudag og föstudag verður haldinn í Galleri Sólun íslandus flóamarkaður á vegum nema í Myndlistar- og handiðaskólanum.

Eru þar á ferðinni þriðja árs nemar sem eru að safna fyrir námsferð sem farin verður um páskana. Verður margt um góða muni á boðstólum, svo sem fatnað, plötur, bækur og mikið úrval af skófatnaði. Þess skal getið að hér er ekki um að ræða hinn árlega basar skólans, hann verður haldinn eftir áramót. —KIE



## Delta Kappa Gamma á Íslandi

A síðustu árum hafa alþjóðleg félagssamtök kvenna í fræðslustörfum, Delta Kappa Gamma, verið að breiðast út um heiminn. Hér á landi hafa nú þegar verið stofnaðar þrjár deildir, tvær á Reykjavíkursvæðinu og ein við Eyjafjörð. Markmið samtakanna eru m.a.:

- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna á sviði menntamála.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu um menntamál.
- Að fræða félagi um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu og stuðla með því að virkari þátttöku þeirra í málum samfélagsins.

Nýlega var haldið fyrsta landsþing samtakanna. Í stjórn eru þrjú J. Kristjánsdóttir, prófessor, Ingibjörg Audunsdóttir, kennari, Pálína Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri, Guðrún Halldórsdóttir, skólustjóri, Elin Ólafsdóttir, lífefnafræðingur og Anna Kristjánsdóttir, námsstjóri. Síðastliðinn vetur var Framvarp til laga um fullorðinsfræðslu rætt gaumgæfilega í samtökunum og tillögur til breytinga lagðar

fyrir viðkomandi menntamála-nefnd á Alþingi. Ætlunin er að gera öðrum frumvörpum er snerta menntamál sömu skil.

Samtökin hafa sent eftirfarandi áskorun til forystumanna stjórnmalaflokkanna og til kjördæmaráða:

„Eins og yður er kunnugt er hlutdeild íslenskra kvenna í þjóðmálum og sveitarstjórnarmálum mun minni en í þeim löndum hins vestræna heims sem við teljum

okkur helzt eiga samstöðu með. Má í því sambandi benda á að einungis 5% íslenskra alþingismanna eru konur, í Danmörku eru rúm 16% þingmanna konur og á hinum Norðurlöndunum er hlutfallið hærra.

Því beina íslenskar konur í Delta Kappa Gamma samtökunum, alþjóðlegu félagi kvenna í fræðslustörfum, þeim tilmælum til stjórnmalaflokkanna að þeir hvetji og styðji konur til framboðs við komandi kosningar til Alþingis svo og til bæjar- og sveitarstjórna.”

## Pólska grafíksýningin á Kjarvalsstöðum vekur athygli

Nú hefur sýning sú á nýrri pólskri grafík sem Listráð að Kjarvalsstöðum stendur fyrir, staðið yfir í rúma viku. Á henni eru alls 142 verk eftir 34 listamenn og hefur aðsókn verið góð og undirtektir gagnrýnenda hin- ar beztu. Selst hafa alls 85 verk og mun það vera einhvers konar met þegar um grafík er að ræða. Í sambandi við þessa sýningu hafa þegar verið haldnir fyrir-

lestrar og sunnudaginn 20. þ.m. var leikin pólsk nútímatónlist í Austursal Kjarvalsstaða og heldur sú dagskrá áfram þessa viku, en sýningin verður væntanlega framlengd fram í desember. Dagskráin er sem hér segir:

Miðvikudaginn 23. nóv. kl. 20.30 — Kvikmyndir um pólska myndlist, þ.á.m. Symbólistann Malczewski, tréristuhestina í Póllandi og Framhald á bls. 10

## Getraunaspá Alþýðublaðsins: Stígum á stökk og strengjum heit

Víð riðum ekki feitum hesti frá spánni í síðustu viku, fengum aðeins fimm rétta. Margir leikir á þeim seðli komu á óvart en í stað þess að afsaka okkur stígum við á stökk og strengjum þess heit að sækja á brattann, stefna aftur hátt, þ.e. verðlaun innan fjögurra vikna. Takmarkið hjá okkur að þessu sinni eru 9 réttir.

Þetta er að vísu óheppi- leg vika til að gefa út slík- ar yfirlýsingar, því seðill vikunnar er mjög erfiður og leika saman efstu liðin

© The Football League

Leikur 26. nóvember 1977

	1	X	2
Arsenal - Derby		X	
Aston Villa - Newcastle			
Bristol City - Middlesbro		X	
Everton - Coventry		X	
Leicester - Liverpool			
Man. City - Chelsea			
Norwich - Birmingham			
Not'm Forest - W.B.A.		X	
Q.P.R. - Manchester Utd.		X	
West Ham - Leeds			
Wolves - Ipswich		X	
Bolton - Tottenham		X	

bæði í fyrstu og annarri deild.

### Arsenal-Derby

Arsenal hefur gengið vel í leikjum sínum undanfarið. Þeir ættu tæpast að vera í vandræðum með óbruggt lið Derby á heimavelli sínum í Lundúnum. Heimasigur.

### Aston Villa-Newcastle.

Sömu sögu er að segja hér. Villa verður vart í vandræðum með slakt Newcastle-liðið, en það situr nú eitt og yfirgefið á botninum með aðeins 6 stig eftir 16 leiki og er þremur stigum á eftir næst neðsta liðinu.

### Bristol City-Middlesbro.

Þessi leikur er næsta jafnteflislegur enda eru liðin mikil jafnteflislið. Middlesbro er heldur sterkara lið, en jafntefli við Liverpool á laugardaginn jók mjög sjálfstraust leikmanna Bristol City. Við spáum jafntefli.

### Everton-Coventry.

Hérna eigast við lið númer 2.—3. í fyrstu deildinni. Coventry hefur komið ótrúlega mikið á óvart í vetur og er nú aðeins tveimur stigum á eftir Forest, sem trónar í efsta sætinu. Hins vegar er Everton ekki mikið fyrir að gefa eftir. Liðin hafa jafnmörg stig en við spáum því, að heimavöllur Everton verði þeim það mikil hvatning, að sigur náist. Jafntefli til vara. (Fyrsti tvöfaldi leikurinn.)

### Leicester-Liverpool.

Liverpool er komið niður í 6. sæti fyrstu deildarinnar og virðist vera að missa af lestinni. Leicester hefur aðeins tekið á í síðustu leikjum, náði nú síðast jafntefli á móti Birmingham í Birmingham. Það er þó trú vor, að Liverpool takist að ná báðum stigunum þó á útivelli sé.

### Manchester City-Chelsea.

City er illvigt lið á heimavelli, áhorfendurnir sjá um það. Þó svo Chelsea færast hægt og hægt upp af botninum og eigi reyndar ekki skilið að vera í fallhættu, missa þeir bæði stigin í Manchester.

### Norwich-Birmingham.

Það er leiðinlegt að spá fyrir um þennan leik, liðin eru hvorki litrík né afgerandi. Norwich verður þó heldur nærri sigrinum og spáin er heimasigur.

### Nottingham Forest-W.B.A.

Þetta verður toppleikur því þarna mætast topplið. Forest tapaði sínum leik á laugardaginn var og W.B.A. missti stig. Það er þó engin ástæða til að ætla að liðin séu í öldudal, andstæðingarnir voru verðugir. Líklegast er, að liðin skipti með sér stigum að þessu sinni, en til vara spáum við jafntefli. (Annar tvöfaldi leikurinn.)

### QPR-Manchester United.

Bæði eru liðin í neðri helmingi deildarinnar, QPR í beinni fallhættu. United vann góðan sigur á Norwich á laugardaginn var og er það addaendum liðsins von um bjartari daga. Við spáum útisigri en jafntefli til vara. (Þriðji tvöfaldi leikurinn.)

### West Ham-Leeds.

Leeds afrekaði það um síðustu helgi að sigra Forest. Það afrek hafði talsverð áhrif á spá vora, en við spáum Leeds sigri að þessu sinni. Leikurinn gæti allt eins orðið jafntefli.

### Wolves-Ipswich.

Ipswich var af sérfræðingum spáð mikilli velgengi á þessu leiktímabili en liðið hefur brugðist vonunum og hangir um miðja deildina. Við spáum jafntefli, en ef nokkuð er verða Úlfarnir skæðari í leiknum.

### Bolton-Tottenham.

Þetta verður tvímælalaust leikur vikunnar. Hér eigast við tvö langbeztu liðin í annarri deildinni og er óhætt að spá því, að þau flytjast bæði upp í fyrstu deild eftir þetta keppnistímabil. Bolton er sterkt lið á heimavelli og vinnur leikinn sennilega, en til vara spáum við jafntefli. (Fjórði og síðasti tvöfaldi leikurinn.)

—ATA